

## 8. Fundur

Þriðjudaginn 20. febrúar 2024 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:00.

Á fundinn mættu Hermann Brynjarsson frá Enor og félagslega kjörnir skoðunarmenn, Einar Hjartarson og Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir.

*Mættir voru: Agnes Reykdal, Bryndís Björk Barkardóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, María Rut Dýrfjörð, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.*

### **Dagskrá:**

1. Ársreikningur FVSA 2023.  
Hermann fór yfir og skýrði ársreikning félagsins. Síðan svaraði Hermann fyrirspurnum fundarmanna.  
Ársreikningurinn var samþykktur án athugasemda.
2. Framlag í orlofssjóð.  
Samþykkt var framlag að upphæð 30.000.000 kr. í orlofssjóð.
3. Upplýsingar frá formanni.
  - a. Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálunum.
  - b. Formaður kynnti breytingar á greiðslum styrkja, styrkir eru nú greiddir út vikulega.
4. Sex í sama rúmi í leikstjórn Sögu Geirdal, sýnt í leikhúsinu Ungó á Dalvík.  
Samþykkt var að bjóða lífeyrisþegum á sýninguna 16. mars 2024.  
Tillaga er samþykkt.
5. Önnur mál.
  - a. Leiga á íbúð til Grindvíkinga. Engin formleg beiðni barst og því var íbúðin sett aftur í leigu félagsmanna.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.